



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 10. september 2021

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
Ákvæði um skuldbindingargildi samninga og samningsbrot félaga eða leikmanna
Ákvæði um sérstök réttindi kvenleikmanna - Fæðingarorlof o.fl.

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 9. september sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Um ræðir nýjar greinar 15 – 19 í reglugerðinni.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. **Ákvæði um skuldbindingargildi samninga og samningsbrot félaga og samningsleikmanna**
2. **Ákvæði um sérstök réttindi kvenleikmanna – Fæðingarorlof o.fl.**

Eftirfarandi er yfirlit yfir ný ákvæði ásamt greinargerð um breytingarnar:

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ný hugtök í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

11. **Samningsleikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu:** Leikmaður á því almanaksári sem hann verður 24 ára eða síðar, nema hann hafi lokið þjálfun sinni fyrr, og hefur öðlast stöðuga reynslu sem samningsleikmaður í keppni í efri deildum. Leikmaðurinn býr yfir ótvíræðum knattspyrnuhæfileikum.
12. **Verndaða tímabilið:** Tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkur samningur er gerður fyrir 28 ára afmæli samningsleikmannsins, eða eitt heilt keppnistímabil eða eitt ár, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkum samningi er lokið eftir 28 ára afmæli samningsleikmannsins.
13. **Fæðingarorlof:** Að lágmarki 14 vikna launað leyfi sem samningsbundinn kvenkyns leikmaður hefur rétt á að taka frá skyldum sínum gagnvart samningsfélagi vegna meðgöngu eða fæðingar. Að lágmarki 8 vikur af 14 vikna fæðingarorlofi þarf leikmaður að nýta eftir fæðingu barns.

Ný ákvæði 15-18 um skuldbindingargildi samninga og samningsbrot félaga og samningsleikmanna:

V. kafli. SAMNINGSGERÐ FÉLAGA VIÐ SAMNINGSLEIKMENN

15. gr.

Skuldbindingargildi samninga

- 15.1. Leikmannssamningur á milli félags og leikmanns er skuldbindandi samningur. Hann fellur úr gildi við lok gildistíma samningsins, nema aðilar slíti samningssambandinu fyrr með gagnkvæmu samkomulagi.
- 15.2. Ákvæði í samningi um endurskoðun hans í heild eða að hluta eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.

- 15.3. Ákvæði um heimild félags eða leikmanns til að segja upp leikmannssamningi, án þess að gagnaðili hafi samsvarandi gagnkvæma heimild, eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.

16. gr.

Riftun á samningi vegna réttmætrar ástæðu (Just cause)

- 16.1. Samningsaðili getur rift samningi án afleiðinga af nokkru tagi (skaðabóta eða íþróttalegra viðurlaga) ef réttmæt ástæða er fyrir hendi.
- 16.2. Gerist annar samningsaðila sekur um ofbeldisfulla eða aðra verulega ámælisverða hegðun gagnvart gagnaðila, sem miðar að því að neyða hann til að rifta eða breyta skilmálum samnings, þá getur hann rift samningnum.
- 16.3. Ef félag er í vanskilum við leikmann sem nemur að lágmarki tvennum mánaðarlaunum, án lögmaetrar ástæðu, getur leikmaður þá rift samningi, að því tilskildu að hann hafi tilkynnt félaginu skriflega um vanskilin og veitt félaginu a.m.k. 15 daga frest til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til riftunar.
- 16.4. Ef um er að ræða drátt félags á öðrum launagreiðslum en mánaðarlaunum, þá skal metið hvort vanskilin samsvari tvennum mánaðarlaunum leikmannsins. Ef svo er heimilar það leikmanni að rifta samningnum með sömu skilyrðum og fram koma í grein 16.3.
- 16.5. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt til riftunar samnings heldur en kveðið er á um í greinum 16.3. og/eða 16.4., ganga þau framár.

17. gr.

Riftun á samningi vegna réttmætrar íþróttalegrar ástæðu (Sporting just cause)

- 17.1. Samningsleikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu sem hefur á keppnistímabili leikið samanlagt minna en tíu prósent af knattspyrnuleikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni KSÍ og Evrópukeppni, sem félag hans hefur tekið þátt í, getur rift samningi sínum á grundvelli réttmætrar íþróttalegrar ástæðu, enda teljist það sanngjarnt, að teknu tilliti til aðstæðna, til að mynda fjarveru leikmanns vegna heilsufarsástæðna eða leikbanns. Tilvist réttmætrar íþróttalegrar ástæðu skal metin af hálfu samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ eða samningsbundnum gerðardómi í hverju tilviki fyrir sig. Í slíku tilviki skal ekki beita íþróttalegum viðurlögum en þó gæti grundvöllur fyrir greiðslu félagaskiptabóta myndast. Samningsleikmaður getur aðeins rift samningi sínum á þessum grundvelli innan 15 daga eftir síðasta opinbera leik á keppnistímabilinu hjá sínu félagi.

18. gr.

Afleiðingar riftunar á leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu

- 18.1. Í öllum tilvikum skal sá samningsaðili (leikmaður eða félag) sem riftir leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu, greiða gagnaðila bætur vegna samningsbrots.

Ákveða skal fjárhæð bóta með tilliti til hlutlægra viðmiða. Einkum skal mið tekið af íslenskum lögum, hlunnindum og greiðslum til leikmanns samkvæmt gildandi samningi og/eða nýjum samningi, þess tíma sem eftir er af núverandi samningi í að hámarki fimm ár, greiðslum og útlögðum kostnaði sem félag hefur stofnað til, sem hlutfall af þeim tíma sem eftir er af leikmannssamningnum og hvort samningsbrotið falli innan verndaða tímabilsins (protected period).

Með hliðsjón af áður nefndum meginreglum skulu bætur til leikmanns reiknast á eftirfarandi hátt:

- 18.1.1. Í því tilviki að félag hefur rift samningi og leikmaður ekki skrifað undir nýjan leikmannssamning í kjölfar riftunar á fyrri samningi, þá skulu bætur að jafnaði samsvara þeim verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem var rift. Þó skal heimilt að meta möguleika leikmanns á að gera nýjan leikmannssamning í nánustu framtíð og lækka bætur að álitum á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í grein 18.1.2.
- 18.1.2. Hafi leikmaðurinn skrifað undir nýjan leikmannssamning þegar ákvörðun um bætur er tekin, skal verðmæti nýs samnings yfir samsvarandi tíma og eftir var af gildistíma eldri samnings sem rift var, dregið frá bótagreiðslu samkvæmt grein 18.1.1. Ef riftun á samningi hefur stafað af gjaldföllnum greiðslum þá er heimilt að ákveða leikmanni bætur til viðbótar sem samsvara allt að þremur mánaðarlaunum, en allt að sex mánuðum ef kringumstæður eru jafnframt verulega ámælisverðar. Heildarbætur skulu aldrei ákvarðaðar hærrí en sem nemur verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem er rift, sbr. grein 18.1.1.
- 18.1.3. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt heldur en kveðið er á um í greinum 18.1.1 og 18.1.2, ganga þau framár.
- 18.2. Óheimilt er að framselja bótarétt til þriðja aðila. Ef samningsleikmanni er gert að greiða bætur, skal hann ásamt nýju félagi, hafi hann gert leikmannssamning við nýtt félag, bera sameiginlega og óskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Heimilt er að kveða á um upphæðina í leikmannssamningi eða semja um hana með öðrum hætti á milli aðila.
- 18.3. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, getur íþróttalegum viðurlögum verið beitt gagnvart hverjum þeim leikmanni sem brýtur gegn samningi á verndaða tímabilinu (protected period). Viðurlög geta verið tveggja mánaða bann frá því að leika opinbera knattspyrnuleiki. Ef um er að ræða sérstaklega alvarlegt tilvik skal leikbann vara í allt að fimm mánuði. Íþróttaleg viðurlög skulu taka gildi strax þegar leikmanni hefur verið tilkynnt um viðkomandi ákvörðun. Áhrifum íþróttalegra viðurlaga skal frestað á tímabilinu á milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks tímabilsins og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta tímabils, þ.m.t. eru knattspyrnuleikir í deildarbikarkeppni, bikarkeppni og öðrum alþjóðlegum knattspyrnumótum fyrir félög. Frestun áhrifa íþróttalegra viðurlaga á þó ekki við ef leikmaðurinn er með stöðuga reynslu sem leikmaður landsliðs og viðkomandi landslið tekur þátt í lokakeppni alþjóðlegs móts á tímabilinu milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks

næsta keppnistímabils. Einhliða brot á samningi án réttmætrar ástæðu eða réttmætrar íþróttalegrar ástæðu eftir verndaða tímabilið, skal ekki leiða til íþróttalegra viðurlaga. Agaviðurlögum getur þó verið beitt utan verndaða tímabilsins hafi riftun á samningi ekki verið tilkynnt innan 15 daga frá síðasta opinbera knattspyrnuleik keppnistímabilsins (þ.m.t. bikarkeppni) þess félags sem leikmaðurinn er skráður hjá. Verndaða tímabilið byrjar aftur við endurnýjun/framlengingu á fyrri samningi.

- 18.4. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, skal íþróttalegum viðurlögum beitt gagnvart því félagi sem brýtur gegn samningi á verndaða tímabilinu. Gert er ráð fyrir, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að sérhvert félag sem undirritar samning við samningsleikmann, sem hefur sagt upp samningi sínum án réttmætrar ástæðu, hafi hvatt þann samningsleikmann til að fremja brot á samningi. Félaginu skal bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil. Félagið skal eigi fyrr en frá og með upphafi næsta félagaskiptatímabils eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt vera heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. og 10.3. til að skrá leikmenn á fyrri stigum.
- 18.5. Aðili sem fellur undir lög og reglugerðir KSÍ og/eða FIFA og hefur með einum eða öðrum hætti gert tilraun til eða hvatt til samningsbrots á milli samningsleikmanns og félags með það fyrir augum að auðvelda félagaskipti leikmanns skal sæta viðurlögum.

Nýtt ákvæði 19. greinar um sérstök réttindi kvenleikmanna – Fæðingarorlof o.fl.

19. gr.

Sérstök ákvæði um samningsgerð við kvenleikmenn

- 19.1. Kvenkyns leikmenn eiga rétt á fæðingarorlofi á meðan samningstímabili stendur. Skulu greiðslur í fæðingarorlofi nema 2/3 hluta samningsbundinna greiðslna samkvæmt leikmannssamningi. Veiti ákvæði í lögum eða kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt, þá ganga þau framár.
- 19.2. Ákvæði í samningi um heimild félags til að segja upp samningi við kvenkyns leikmann vegna þungunar, barneignar eða vegna töku fæðingarorlofs á gildistíma samnings eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.
- 19.3. Ef félag riftir samningi einhliða á samningstímanum vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður tekur fæðingarorlof eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi tengd meðgöngu eða barneign og kveðið er á um í reglugerð þessari, skal miðað við að félag hafi rift samningi án réttmætrar ástæðu.
- 19.3.1. Miðað skal við, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að einhliða riftun félags á samningi við leikmann, á meðan meðgöngu leikmanns eða fæðingarorlofi stendur, sé vegna meðgöngu eða barneignar leikmanns.
- 19.4. Hafi samningi verið rift vegna þungunar eða barneignar leikmanns, skulu bætur til leikmanns reiknast á eftirfarandi hátt:

- 19.4.1. Hafi leikmaður ekki skrifað undir nýjan leikmannssamning í kjölfar riftunar á fyrri samningi, þá skulu bætur að jafnaði samsvara þeim verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem var rift.
- 19.4.2. Hafi leikmaðurinn skrifað undir nýjan leikmannssamning þegar ákvörðun um bætur er tekin, skal verðmæti nýs samnings yfir samsvarandi tíma og eftir var af gildistíma eldri samnings sem rift var, dregið frá bótagreiðslu samkvæmt grein 19.4.1.
- 19.4.3. Til viðbótar greiðslu bóta skv. 19.4.1 eða 19.4.2., skal ákveða leikmanni bætur sem samsvara sex mánaðarlaunum samkvæmt samningnum sem var rift.
- 19.4.4. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt heldur en kveðið er á um í greinum 19.4.1., 19.4.2. eða 19.4.3., ganga þau ákvæði fram.
- 19.5. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, getur íþróttalegum viðurlögum verið beitt gagnvart því félagi sem hefur einhliða rift samningi vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður er í fæðingarorlofi eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi vegna meðgöngu eða barneignar almennt. Félaginu skal þá bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil. Félagið skal eigi fyrr en frá og með upphafi næsta félagaskiptatímabils eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt vera heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. og 10.3. til að skrá leikmenn á fyrri stigum. Samhliða viðurlögum, skv. grein 19.5., má beita félagi sekt.
- 19.6. Á meðgöngu hefur leikmaður eftirfarandi réttindi yfir samningstímabil:
- 19.6.1. Leikmaður hefur rétt til þess að sinna áfram íþróttalegum skyldum sínum (þ.e. æfa og keppa í knattspyrnu) gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (valinn af leikmanni og félagi) um að það sé henni óhætt. Í slíku tilfalli ber samningsfélagi að virða ákvörðun leikmanns og setja upp viðeigandi æfingaáætlun fyrir áframhaldandi íþróttáþátttöku sem miðar að því að öryggi og heilsa leikmanns og ófædds barns sé tryggð.
- 19.6.2. Leikmaður hefur rétt til að sinna öðrum atvinnuskyldum gagnvart samningsfélagi, ef meðferðaraðili telur ekki öruggt að leikmaður sinni áfram íþróttalegum skyldum sínum samkvæmt leikmannssamningi eða ef leikmaður ákveður sjálfur að nýta ekki sinn rétt, skv. 19.6.1., að sinna áfram íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Í slíku tilfalli ber samningsfélagi að virða ákvörðun leikmannsins og setja upp áætlun um aðrar atvinnuskyldur leikmannsins gagnvart samningsfélagi í samráði við leikmanninn. Sem endurgjald fyrir vinnuna á leikmaður rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda fram að töku fæðingarorlofs.
- 19.6.3. Leikmaður hefur rétt á að ákveða sjálfstætt upphafsdagsetningu fæðingarorlofs. Sérhvert félag sem neyðir eða þrýstir á leikmann til töku fæðingarorlofs á tilteknum tíma skal beitt viðurlögum af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

19.6.4. Leikmaður hefur rétt á að snúa aftur að loknu fæðingarorlofi til að sinna íþróttalegum skyldum sínum gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (valinn af leikmanni og félagi) um að það sé leikmanninum óhætt. Leikmaður á rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda eftir að hún snýr aftur að loknu fæðingarorlofi.

19.7. Leikmanni skal veitt tækifæri og svigrúm til brjóstgjafar/næringar ungbarns á meðan leikmaður sinnir íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Samningsfélag skal veita leikmanni viðeigandi aðstöðu til brjóstgjafar í samræmi við gildandi landslög eða ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila.

Greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar:

Tillögur þessar, sem samþykktar hafa verið af stjórn KSÍ, eru að hluta til unnar af samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Eru þær tilkomnar vegna bókunar stjórnar KSÍ í fundargerð 26. nóvember 2020 sem er eftirfarandi:

Rætt um að reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna um féлага fjalli ekki að nægilega miklu leyti um samningsbrot. Samkvæmt FIFA reglugerð um stöðu og félagaskipti leikmanna ber KSÍ að innleiða í reglugerð sína tiltekna meginreglur um samningsbrot og afleiðingar þess.

LLR(Laga og leikreglnanefnd KSÍ) leggur það til við stjórn KSÍ að máli þessu verði vísað til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ til umfjöllunar. Verði það lagt fyrir samninga- og félagaskiptanefnd að skoða og, ef þörf krefur, gera tillögur að breytingum á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага í samræmi við reglugerð FIFA.

Stjórn KSÍ samþykkti tillögu nefndarinnar um að vísa máli þessu til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ til skoðunar.

Samninga- og félagaskiptanefnd tekur undir að í reglugerð um félagaskipti o.fl. er sem stendur ekki að finna meginreglur um skuldbindingargildi samninga, samningsbrot og afleiðingar þess. Í samræmi við reglugerð FIFA ber hverju og einu aðildarsambandi að innleiða í sína reglugerð meginreglur í anda þeirra sem er að finna í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA regulations on the status and transfer of players).

Eftirfarandi kemur fram í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna:

„Each association shall include in its regulations appropriate means to protect contractual stability, paying due respect to mandatory national law and collective bargaining agreements. In particular, the following principles must be considered:

- the principle that contracts must be respected;*
- the principle that contracts may be terminated by either party without consequences where there is just cause;*
- the principle that contracts may be terminated by professionals with sporting just cause;*
- the principle that contracts cannot be terminated during the course of the season;*
- the principle that in the event of termination of contract without just cause, compensation shall be payable and that such compensation may be stipulated in the contract;*

- *the principle that in the event of termination of contract without just cause, sporting sanctions shall be imposed on the party in breach.*“

Tillögur samninga- og félagaskiptanefndar að nýjum ákvæðum í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl. eru að mestu að fyrirmynd ákvæða reglugerðar FIFA. Með tillögunum eru sett fram tiltekin viðmið um skuldbindingargildi leikmannssamninga og um leið viðmið um hvenær og undir hvaða kringumstæðum félagi eða leikmanni kann að vera heimilt að rifta leikmannssamningi. Einnig eru sett fram viðmið um viðurlög sem leikmaður eða félag skal sæta ef samningsaðili verður uppvís að því að rifta samningi án réttmætrar ástæðu.

Þau skilyrði sem sett eru fram í tillögum þessum og þurfa að vera til staðar svo einhliða riftun leikmanns eða félags sé heimil eru tvennskonar. Annað hvort þarf að vera fyrir hendi „réttmæt ástæða riftunar á samningi“ eða „réttmæt íþróttaleg ástæða riftunar á samningi“. Tilvist réttmætrar ástæðu eða réttmætrar íþróttalegrar ástæðu kemur til með að vera háð mati og staðfestingu samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Skulu tillögð ákvæði reglugerðarinnar túlkuð með hliðsjón af dómaframkvæmd sem fyrir liggur í sambærilegum málum hjá Alþjóðaíþróttadómstólnum (CAS – Court of Arbitration for Sport) eða úrskurðaraðila FIFA (FIFA Dispute Resolution Chamber). Þó er í tillögunum ákvæði sem útlista nokkuð nákvæmlega hvenær réttmæt ástæða riftunar er fyrir hendi, t.d. vegna gjaldfallinna tveggja mánaða launagreiðsla til leikmanns eða greiðslum sem samsvara tvennum mánaðarlaunum leikmannsins. Þá segir í grein 17.1. í tillögunum hvenær getur verið til staðar réttmæt íþróttaleg ástæða riftunar leikmanns á leikmannssamningi, t.d. hafi leikmaður tekið þátt í minna en tíu prósent leikja í Íslandsmóti, bikarkeppni og Evrópukeppni yfir heilt keppnistímabil.

Tillögur þessar kveða einnig á um viðurlög sem annaðhvort félag eða leikmaður skal sæta hafi samningsaðili einhliða rift leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu eða réttmætrar íþróttalegrar ástæðu og þar af leiðandi brotið á samningnum. Í öllum tilvikum skal sá samningsaðili sem segir upp leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu, greiða gagnaðila bætur vegna samningsbrots. Viðurlög geta þó verið breytileg eftir því hvort samningsbrot falli innan eða utan verndaða tímabilsins (*protected period*). Samkvæmt tillagðri skilgreiningu á hugtakinu „Verndaða tímabilið“ þýðir það eftirfarandi:

„Tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkur samningur er gerður fyrir 28 ára afmæli samningsleikmannsins, eða eitt heilt keppnistímabil eða eitt ár, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkum samningi er lokið eftir 28 ára afmæli samningsleikmannsins.“

Falli samningsbrot innan verndaða tímabils gildistíma leikmannssamning þá getur íþróttalegum viðurlögum verið beitt til viðbótar við bætur sem brotlegum samningsaðila er gert að greiða til gagnaðila skv. grein 18.3. Skilgreiningin er í samræmi við reglugerð FIFA.

Tillögum samninga- og félagaskiptanefndar var skilað til stjórnar KSÍ fyrir fund stjórnar þann 18. febrúar 2021. Tillögunum var á fundi stjórnar KSÍ vísað til laga- og leikreglnanefndar til umfjöllunar. Laga- og leikreglnanefnd yfirför tillögur samninga- og félagaskiptanefndar. Eftir umfjöllun nefndarinnar og fáeinar breytingar voru tillögurnar næst sendar til umsagnar hjá ÍTF og Leikmannasamtökum Íslands. Umsagnarfrestur rann út föstudaginn 21. maí. Að fengnum athugasemdum frá leikmannasamtökunum og ÍTF voru gerðar viðbótartillögur að nýjum og sérstökum ákvæðum er varða réttindi kvenleikmanna (fæðingarorlof o.fl.). Um ræðir ákvæði sem urðu á árinu 2021 skyldubundin fyrir aðildarsambönd FIFA. Laga- og leikreglnanefnd átti samráðsfundi bæði með Leikmannasamtökum Íslands og ÍTF þann 9. júní 2021. Í framhaldi af þeim fundum voru send út uppfærð drög til yfirlestrar hjá sömu aðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Skilgreiningar:

Lagt er til að þremur skilgreiningum á hugtökum sem notast er við í reglugerðinni verði bætt við skilgreiningarkafla sem finna má í upphafi reglugerðarinnar.

Meðal annars er lagt til að eftirfarandi skilgreining verði bætt við reglugerðina:

„Verndaða tímabilið“: *Tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkur samningur er gerður fyrir 28 ára afmæli samningsleikmannsins, eða eitt heilt keppnistímabil eða eitt ár, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkum samningi er lokið eftir 28 ára afmæli samningsleikmannsins.*

Samkvæmt skilgreiningunni tekur hugtakið aðeins til leikmannssamninga sem gerðir eru fyrir 28 ára afmæli samningsleikmanns. Þá getur verndað tímabil ýmist verið eitt ár / eitt keppnistímabil eða tvö ár / tvö keppnistímabil. Þannig skal verndaða tímabilið alla jafna nema tveimur árum / tveimur keppnistímabilum, hvort sem líður fyrst, ef leikmannssamningur er gerður fyrir 28 ára afmæli leikmanns. Á hinn bóginn ljúki leikmannssamningi eftir að leikmaðurinn er orðinn 28 ára þá skal verndaða tímabilið aðeins nema einu ári / einu keppnistímabili, hvort sem líður fyrst.

Til frekari skýringar eru sett fram eftirfarandi dæmi:

- a) Leikmaður sem hefur náð 24 ára aldri gerir þriggja ára leikmannssamning við samningsfélag. Samningnum lýkur þegar leikmaðurinn er orðinn 27 ára. Samkvæmt skilgreiningunni skal „verndaða tímabilið“ vera tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku samningsins.
- b) Leikmaður sem hefur náð 24 ára aldri gerir fjögurra ára leikmannssamning við samningsfélag. Samningnum lýkur þegar leikmaðurinn er orðinn 28 ára. Samkvæmt skilgreiningunni skal „verndaða tímabilið“ vera tímabil eins keppnistímabils eða eins árs, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku samningsins.

Ekki er talin ástæða til að fjalla frekar um aðrar skilgreiningar sem lagt er til að bætt verði við skilgreiningarkafla reglugerðarinnar.

Ákvæði um samningsbrot, riftun samninga o.fl.:

Um 15. gr.

Hér er m.a. innleidd í reglugerð sú meginregla að leikmannssamningur á milli félags og leikmanns er skuldbindandi. Meginreglan er að samningssambandi ljúki við lok gildistíma samnings nema samningsaðilar hafi samþykkt að ljúka samkomulaginu fyrr. Þá er lagt til að setja í reglugerð ákvæði til að sporna við endurskoðunarákvæðum í samningum leikmanna og félaga. Ákvæði um endurskoðun eru oftast en ekki innihaldslaus og hafi enga þýðingu auk þess sem þau eru alla jafna óskýr og valda misskilningi á milli samningsaðila um þýðingu þeirra. Markmið 3. mgr. 15. er að koma í veg fyrir einhliða uppsagnarákvæði en samkvæmt ákvæðinu eru þau óheimil og hafa ekki sjálfstæða þýðingu. Uppsagnarákvæði verði að vera gagnkvæm heimild beggja samningsaðila.

Líkt og fram kemur í 2. og 3. mgr. þá hafa endurskoðunarákvæði annars vegar og ákvæði um heimild félags eða leikmanns til að segja upp leikmannssamningi, án þess að gagnaðili hafi samsvarandi gagnkvæma heimild, hins vegar, hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu. Reglugerðin gerir þannig ráð fyrir að innihaldi leikmannssamningar slík ákvæði þá hafi þau tilteknu ákvæði í viðkomandi leikmannssamningi hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu. Ekki skal litið svo á að þrátt

fyrir að leikmannssamningur innihaldi slík ákvæði að það leiði til þess að leikmaður teljist ekki samningsbundinn skv. gr. 14.16, heldur skal slíkur leikmannssamningur halda gildi sínu að öllu öðru leyti en því að endurskoðunarákvæði og/eða einhliða uppsagnarákvæðin sjálf teljast hvorki gild né hafa sjálfstæða þýðingu.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er fjallað um undantekningar sem gilda frá meginreglum í 15. Er þar fjallað um við hvaða aðstæður einhliða riftun samningsaðila á samningssambandi sé möguleg. Um leið er nýtt hugtak innleitt í reglugerðina; „Réttmæt ástæða“ (Just cause). Er um að ræða hugtak sem notað er í reglugerð FIFA sem samheiti yfir þær ástæður sem réttlæta einhliða riftun á samningssambandi. Er hugtakinu ætlað sama hlutverk í reglugerð KSÍ ásamt hugtakinu „réttmæt íþróttaleg ástæða“ (Sporting just cause) í 17. grein. Í 1. mgr. 16. greinar segir að samningsaðili getur rift samningi án afleiðinga af nokkru tagi, þ.e. skaðabóta eða íþróttalegra viðurlaga ef réttmæt ástæða er fyrir hendi. Í reglugerð er ómögulegt að telja upp með tæmandi hætti öll þau tilvik sem myndu teljast vera réttmæt ástæða fyrir riftun. Fellur það í hlut úrskurðaraðila m.t.t. til fordæma hjá FIFA og CAS að meta hvert tilvik fyrir sig og aðstæður hverju sinni.

Í 2., 3. og 4. mgr. er að finna frekari riftunarheimildir þar sem kveðið er á um með skýrum hætti um tiltekin tilvik þar sem leikmaður hefur réttmæta ástæðu til einhliða riftunar á samningi. T.d. segir í 3. mgr. að ef tvenn mánaðarlaun eru í vanskilum, hvort sem um ræðir laun fyrir tvo síðustu mánuði eða að samanlögðu þá veiti það leikmanni réttmæta ástæðu til að rifta samningi einhliða við félag, að því tilskyldu að leikmaðurinn hafi tilkynnt félaginu skriflega um vanskil og veitt félaginu a.m.k. 15. daga frest til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu. Í 16.5. er sá fyrirvari settur að ef ákvæði í kjarasamningi á milli félaga og leikmanna veiti leikmanni betri rétt til riftunar en kveðið er á um í 3. eða 4. mgr., þá ganga þau fram. Slíkir samningar eru ekki fyrir hendi nú á Íslandi en myndu hafa gildi ef til þeirra yrði stofnað.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er innleitt hugtakið „Íþróttalega réttmæta ástæðu“ (Sporting just cause), sem er ögn frábrugðið hugtakinu „Réttmæt ástæða“ (Just cause). Í 16. gr. Í greininni er fjallað um hvers konar tilvik geri það að verkum að leikmaður geti einhliða rift samningi vegna réttmætrar íþróttalegrar ástæðu. Svo slík ástæða teljist vera til staðar þarf samningsleikmaður (leikmaður á leikmannssamningi) með stöðuga meistaraflokksreynslu að hafa á einu og sama keppnistímabilinu leikið samanlagt minna en tíu prósent af knattspyrnuleikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni og Evrópukeppni hjá samningsfélagi sínu. Með orðalaginu „leikið“ er átt við þátttöku í leik, þ.e. komið við sögu í leik (verið í byrjunarliði eða komið inn á). Þá skal taka tilhlýðilegt tillit til aðstæðna hverju sinni, til að mynda fjarveru leikmanns vegna heilsufarsástæðna eða leikbanns. Það þýðir að ef eðlilegar skýringar eru á því hvers vegna leikmaður hefur leikið minna en tíu prósent leikja yfir keppnistímabilið, t.d. vegna langvinnra meiðsla eða leikbanns yfir stóran hluta tímabils, þá teljist leikmaður ekki hafa rétt samkvæmt ákvæðinu til að einhliða rifta samningi. Fellur það í hlut úrskurðaraðila að meta hvert tilvik fyrir sig og aðstæður hverju sinni og skera úr um hvort réttmæt íþróttaleg ástæða sé fyrir hendi. Samningsleikmaður getur aðeins rift samningi sínum á þessum grundvelli innan 15 daga eftir síðasta opinbera leik á keppnistímabilinu hjá sínu félagi.

Samkvæmt skilgreiningu er samningsleikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu: *Leikmaður á því almanaksári sem hann verður 24 ára eða síðar, nema hann hafi lokið þjálfun*

sinni fyrr, og hefur öðlast stöðuga reynslu sem samningsleikmaður í keppni í efri deildum. Leikmaðurinn býr yfir ótvíræðum knattspyrnuhæfileikum. Upp geta komið tilvik að leikmaður yngri en 24 ára flokkist með stöðuga meistaraflokksreynslu og teljist að auki hafa lokið þjálfun sinni. Við mat á riftunarheimild slíks leikmanns skv. 17. grein þarf sömuleiðis að líta til heilsufars, mögulegs leikbanns svo og leikjafjölda, og hlutverki leikmanns innan viðkomandi liðs á fyrri keppnistímabilum. Teljist leikmaður, yngri en 24 ára, hafa stöðuga reynslu í meistaraflokki í keppni í efri deildum og teljist leikmaður búa yfir ótvíræðum knattspyrnuhæfileikum, þá getur leikmaður verið talinn hafa lokið þjálfun sinni fyrir 24 ára aldur og getur þá slíkur leikmaður notfært sér heimild til einhliða riftunar í 17. grein hafi hann leikið minna en tíu prósent leikja á viðkomandi keppnistímabili.

Til að koma í veg fyrir vafa, segir í 17. gr. að frekari viðurlögum verði ekki beitt gagnvart samningsaðila, vegna riftunar á samningi á grundvelli réttmætrar íþróttalegrar ástæðu en þó gæti grundvöllur fyrir greiðslu félagaskiptabóta myndast. Það þýðir að félagaskiptabætur vegna samningsgerðar við leikmenn skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga, og stöðu leikmanna og félaga (kr. 200.000,- eða kr. 100.000,-) gætu enn komið til greiðslu þrátt fyrir 17. grein. Með öðrum orðum, geri leikmaður, sem fær sig lausan undan samningi við félag A skv. 17. gr., nýjan samning við annað félag B, þá kann að vera að félag B þurfi að greiða félagi A bætur vegna samningsgerðar við leikmanninn.

Um 18. gr.

Í 18. grein er fjallað um afleiðingar riftunar á leikmannssamningi án þess að réttmæt ástæða sé fyrir hendi. Þ.e. hverjar afleiðingar séu við því ef leikmaður eða félag riftir einhliða samningi án þess að talið verði að viðkomandi samningsaðili hafi haft réttmæta ástæðu til þess. Í 1. mgr. segir skýrlega að hvort sem um ræðir riftun af hálfu félags eða leikmanns, þá skuli sá aðili sem riftir samningi án réttmætrar ástæðu greiða bætur vegna samningsbrots til gagnaðila. Upphæð bóta skal ákveða með tilliti hlutlægra viðmiða, einkum íslenskum lögum, hlunnindum og greiðslum til leikmanns samkvæmt gildandi samningi og/eða nýjum samningi, þess tíma sem eftir er af núverandi samningi í að hámarki fimm ár, greiðslum og útlögðum kostnaði sem félag hefur stofnað til, sem hlutfall af þeim tíma sem eftir er af leikmannssamningnum og hvort samningsbrotið falli innan verndaða tímabilsins (protected period).

Í greinum 18.1.1., 18.1.2. og 18.1.3. kveður sérstaklega á um aðferðir við útreikning á bótum til leikmanns í þeim tilvikum er félag hefur rift samningi án þess að réttmæt ástæða sé fyrir hendi. Í því tilviki að félag hefur rift samningi og leikmaður ekki skrifað undir nýjan leikmannssamning í kjölfar riftunar á fyrri samningi, þá skulu bætur að jafnaði samsvara þeim verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem var rift. Þó skal heimilt að meta möguleika leikmanns á að gera nýjan leikmannssamning í nánustu framtíð og lækka bætur að álitum á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í grein 18.1.2. Sjónarmið í 18.1.2 fjalla um það að hafi leikmaðurinn skrifað undir nýjan leikmannssamning þegar ákvörðun um bætur er tekin, skal verðmæti nýs samnings yfir samsvarandi tíma og eftir var af gildistíma eldri samnings sem rift var, dregið frá bótagreiðslu. Ef riftun á samningi hefur stafað af gjaldföllum greiðslum þá er heimilt að ákveða leikmanni bætur til viðbótar sem samsvara allt að þremur mánaðarlaunum, en allt að sex mánuðum ef kringumstæður eru jafnframt verulega ámælisverðar. Heildarbætur skulu þó aldrei ákvarðaðar hærri en sem nemur verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem er rift. Í 18.1.3. er sá fyrirvari settur að ef ákvæði í kjarasamningi á milli félaga og leikmanna veiti leikmanni betri rétt til bóta en kveðið er á um í 18.1.1. eða 18.1.2. þá ganga þau ákvæði fram.

Í 2. mgr. kveður á um þá meginreglu að óheimilt sé að framselja bótarétt til þriðja aðila. Sé samningsleikmanni gert að greiða bætur vegna riftunar án réttmætrar ástæðu, þá skal hann/hún ásamt nýju félagi, hafi leikmaður gert leikmannssamning við nýtt félag bera sameiginlega og óskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Leikmanni og félagi er heimilt að kveða á um upphæðina í leikmannssamningi eða semja um hana með öðrum hætti á milli aðila.

Í 3. mgr. er kveðið á um viðurlög sem getur verið beitt til viðbótar greiðslu bóta gagnvart hverjum þeim leikmanni sem hefur brotið á samningi á verndaða tímabilinu. Slík viðurlög koma til þar sem samningsbrot teljast skv. reglugerðinni alvarlegri ef þau hafa átt sér stað á verndaða tímabilinu. Verndaða tímabilið er skilgreint á eftirfarandi hátt: *Tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkur samningur er gerður fyrir 28 ára afmæli samningsleikmannsins, eða eitt heilt keppnistímabil eða eitt ár, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkum samningi er lokið eftir 28 ára afmæli samningsleikmannsins.* Viðbótarviðurlög geta verið tveggja mánaða bann frá því að leika opinbera knattspyrnuleiki. Ef um er að ræða sérstaklega alvarlegt tilvik skal leikbann vara í allt að fimm mánuði. Íþróttaleg viðurlög skulu taka gildi strax þegar leikmanni hefur verið tilkynnt um viðkomandi ákvörðun. Áhrifum leikbanns skal frestað á tímabilinu á milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks tímabilsins og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta tímabils, þ.m.t. eru knattspyrnuleikir í deildarbikarkeppni, bikarkeppni og öðrum alþjóðlegum knattspyrnumótum fyrir félög. Það kunna að koma upp tilvik þar sem áhrifum leikbanns skuli ekki frestað á tímabilinu milli síðasta opinbera knattspyrnuleik tímabilsins og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta tímabils. Það á við ef leikmaðurinn er með stöðuga reynslu sem leikmaður landsliðs og viðkomandi landslið tekur þátt í lokakeppni alþjóðlegs móts á tímabilinu milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta keppnistímabils. Í niðurlagi 3. mgr. er svo sérstaklega tiltekið að einhliða brot á samningi án réttmætrar ástæðu eða réttmætrar íþróttalegrar ástæðu eftir verndaða tímabilið, skuli ekki leiða til íþróttalegra viðurlaga nema þó aðeins ef riftun á samningi hafi ekki verið tilkynnt innan 15 daga frá síðasta opinbera knattspyrnuleik keppnistímabilsins (þ.m.t. bikarkeppni) þess félags sem leikmaðurinn er skráður hjá. Verndaða tímabilið byrjar aftur við endurnýjun/framlengingu á fyrri samningi. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ hefur heimild til að ákveða bætur og til að beita refsheimildum skv. 24. grein. Samsvarandi heimild framkvæmdastjóra KSÍ er felld út.

Í 4. mgr. er kveðið á um sambærileg viðmið og í 3. mgr. nema þar segir að til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, getur íþróttalegum viðurlögum beitt gagnvart því félagi sem brýtur gegn samningi á verndaða tímabilinu. Gert er ráð fyrir, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að sérhvert félag sem undirritar samning við samningsleikmann, sem hefur sagt upp samningi sínum án réttmætrar ástæðu, hafi hvatt þann samningsleikmann til að fremja brot á samningi. Félaginu skal bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil (félagaskiptaglugga). Eigi síðar en í upphafi þess félagaskiptatímabils (félagaskiptaglugga) sem hefst eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt er viðkomandi félagi heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. (undanþága fyrir félagaskipti markmanns) og 10.3. (undanþága fyrir félagaskipti ósamningsbundins leikmanns utan félagaskiptatímabils) til að skrá leikmenn á fyrri stigum.

Í 5. mgr. segir svo að aðili sem fellur undir lög og reglugerðir KSÍ og/eða FIFA og hefur með einum eða öðrum hætti gert tilraun til eða hvatt til samningsbrots á milli samningsleikmanns og félags með það fyrir augum að auðvelda félagaskipti leikmanns skal sæta viðurlögum.

Ákvæði um fæðingarorlof o.fl.:

Um 19. gr.

Í 19. gr. er fjallað sérstaklega um ákvæði er viðkoma samningsgerð við kvenleikmenn. Um ræðir ákvæði sem eiga sér stoð í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna og komu inn í þá reglugerð í upphafi árs 2021. Ákvæðin eru skyldubundin fyrir aðildarsambönd FIFA, þ.á m. KSÍ og verða því að vera í reglugerðum sambandsins. Samkvæmt 1. mgr. eiga kvenkyns leikmenn rétt á fæðingarorlofi á meðan samningstímabili stendur. Fæðingarorlof er skilgreint í reglugerðinni á eftirfarandi hátt: *Að minnsta kosti 14 vikna launað leyfi sem samningsbundinn kvenkyns leikmaður hefur rétt á að taka frá skyldum sínum gagnvart samningsfélagi vegna meðgöngu eða fæðingar. Að minnsta kosti átta vikur af 14 vikna fæðingarorlofi þurfa að eiga sér stað eftir fæðingu barns.* Greiðslur til leikmanns í fæðingarorlofi skulu að lágmarki nema 2/3 hluta samningsbundinna greiðslna skv. leikmannssamningi. Hafa verður í huga að ákvæði um greiðslur til leikmanna skv. 1. mgr. 19. greinar ná aðeins til leikmanna á leikmannssamningum (professional players) en ekki leikmanna á sambandssamningum (amateur).¹ Í niðurlagi 1. mgr. er þó settur fyrirvari um ef ákvæði í lögum eða kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, veiti leikmanni betri rétt til fæðingarorlofs, þá ganga þau fram og skulu koma í stað réttinda leikmanns hjá félagi eftir fæðingu barns.

Íslensk lög veita almennt rýmri rétt til fæðingarorlofs hér á landi en þær reglur sem hér eru settar fram. Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 er réttur hvors foreldra um sig sex mánuðir. Réttur til fæðingarorlofs stofnast skv. lögnum við fæðingu barns en þrátt fyrir það geta báðir foreldrar byrjað fæðingarorlof allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns eða síðar. Þá kveða íslensk lög á um skyldu þess foreldis sem fætt hefur barn að vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrsta hálfu mánuðinn eftir fæðingu barns. Því má ætla að íslensk lög kunni að vega þungt upp á móti skyldum félaga skv. 19. gr. Þungaður leikmaður hefur rétt skv. 19. gr. á að hefja fæðingarorlof fyrir fæðingu barns en þó að hámarki í 6 vikur. Þær 8 vikur sem eftir eru af 14 vikna fæðingarorlofi skv. 19. gr. þurfa að vera teknar eftir fæðingu barns. Það kann því að koma upp sú staða kvenkyns leikmaður kjósi að hefja töku fæðingarorlofs skv. íslenskum lögum einum mánuði fyrir fæðingu barns og fullnýta sinn rétt skv. sömu lögum til fæðingarorlofs yfir sex mánaða skeið.² Í því tilviki, þar sem betri réttur til fæðingarorlofs skv. íslenskum lögum gengur fram rétti skv. 19. gr. reglugerðar KSÍ, standa eftir einungis tvær vikur sem leikmaður hafði rétt á að taka í fæðingarorlof hjá félagi fyrir fæðingu barns. Hafa skal í huga að ákvæði 19. greinar ná aðeins til kvenkyns leikmanna sem verða barnshafandi, en ná ekki til þeirra sem eiga maka sem ganga með barnið, ættleiða o.s.frv.

Í 2. mgr. er tekið fyrir heimildir félaga til að segja upp samningi við kvenkyns leikmann vegna þungunar, barneignar eða veru í fæðingarorlofi á gildistíma samnings. Eru slík ákvæði óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.

¹ Óheimilt er greiða leikmönnum á sambandssamningum (amateur) laun fyrir knattspyrnuíðkun. Einungis er heimilt að endurgreiða sambandsleikmönnum útlagðan kostnað að hámarki kr. 300.000 á hverju keppnistímabili.

² Sex mánaða fæðingarorlof getur lengst um sex vikur vegna heimildar annars foreldris til að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins.

Í 3. mgr. er það viðmið fest í reglugerðina að ef félag einhliða riftir samningi vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður tekur sér fæðingarorlof eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi vegna meðgöngu eða barneignar almennt, þá skuli ganga út frá að félag hafi rift samningi án réttmætrar ástæðu. Þá verður litið svo á, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að einhliða riftun félags á samningi við leikmann, á meðan meðgöngu leikmanns eða fæðingarorlofi stendur, sé vegna meðgöngu eða barneignar leikmanns. Þannig skuli það vera félags að sýna fram á að riftun hafi stafað af öðrum ástæðum en vegna þungunar/barneignar leikmanns ef riftun á sér stað á því tímabili er leikmaður er þunguð eða í fæðingarorlofi.

Í greinum 19.4.1., 19.4.2. og 19.4.3. kveður sérstaklega á um aðferðir við útreikning á bótum til leikmanns í þeim tilvikum er félag hefur rift samningi vegna þungunar eða barneignar leikmanns. Eru aðferðirnar keimlíkar þeim meginreglum sem kveðið er á um í greinum 18.1.1., 18.1.2. og 18.1.3. og þarfnast því ekki frekari skýringa. Þó segir í grein 19.4.3. að ákveða skuli leikmanni bætur til viðbótar þeim sem greinir frá í 19.4.1. og 19.4.2. sem samsvara sex mánaðarlaunum samkvæmt samningnum sem var rift.

Í 5. mgr. er fjallað um viðurlög sem skuli beita til viðbótar greiðslu bóta, gagnvart því félagi sem hefur einhliða rift samningi vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður er í fæðingarorlofi eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi vegna meðgöngu eða barneignar almennt. Félaginu skal bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil (félagaskiptaglugga). Eigi síðar en í upphafi þess félagaskiptatímabils (félagaskiptaglugga) sem hefst eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt er viðkomandi félagi heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. (undanþága fyrir félagaskipti markmanns) og 10.3. (undanþága fyrir félagaskipti ósamningsbundins leikmanns utan félagaskiptatímabils) til að skrá leikmenn á fyrri stigum. Samhliða viðurlögum, skv. grein 19.5., má beita félagi sekt.

Í 6. mgr. er fjallað um þau réttindi sem leikmaður hefur á samningsatímabili á meðan meðgöngu stendur. Leikmaður hefur t.a.m. rétt til að sinna áfram íþróttalegum skyldum sínum gagnvart samningsfélagi skv. samningi, t.d. æfa áfram og keppa í knattspyrnu þó aðeins að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni um að það sé henni óhætt. Gæta skal að hlutleysi læknis sem skal vera valinn í sameiningu af leikmanni og félagi. Geti leikmaður haldið áfram æfingum og keppni ber samningsfélagi að virða slíka ákvörðun leikmanns og setja upp viðeigandi æfingaáætlun fyrir áframhaldandi íþróttapátttöku sem miðar að því að öryggi og heilsa leikmanns og ófædds barns sé tryggð. Ef meðferðaraðili og/eða læknir metur svo að óöruggt sé fyrir leikmann að æfa áfram og keppa í knattspyrnu fyrir samningsfélag þá hefur leikmaður rétt á sinna öðrum atvinnuskyldum fyrir samningsfélagið. Það sama á við ef leikmaður ákveður sjálfur á meðgöngu að sinna ekki íþróttalegum skyldum sínum skv. samningi. Í slíku tilfelli ber samningsfélagi að virða ákvörðun leikmannsins og setja upp áætlun um aðrar atvinnuskyldur leikmannsins gagnvart samningsfélagi í samráði við leikmanninn. Sem endurgjald fyrir vinnuna á leikmaður rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda fram að töku fæðingarorlofs. Aðrar atvinnuskyldur geta verið hvers konar önnur störf í þágu samningsfélags sem samningsfélag og viðkomandi leikmaður ná samkomulagi um. Gert er ráð fyrir að samræmi verði á milli fjölda vinnustunda skv. íþróttalegum skyldum leikmanns og fjölda vinnustunda skv. áætlun um aðrar vinnuskyldur leikmanns, skv. grein 19.6. Aðrar vinnuskyldur verða ekki tæmandi taldar í greinargerð en gætu

t.d. verið aðstoð í félagsheimili, þjálfarastörf í eldri og/eða yngri flokkum, skipulag æfinga, liðstjórnarstörf, leikgreiningar, aðstoð við framkvæmd heimaleikja, skipulag útileikja o.s.frv. Æskilegt er og jafnvel nauðsynlegt að félög og leikmenn setji í samninga sína ákvæði um fjölda vinnustunda eða tímaramma sem ættu við um þessi atriði.

Í grein 19.6.3. kveður á um afdráttarlausan rétt leikmanns til að ákveða upphafsdagsetningu fæðingarorlofs. Leikmaður hefur rétt á að ákveða sjálfstætt upphafsdagsetningu fæðingarorlofs. Sérhvert félag sem neyðir eða þrýstir á leikmann til töku fæðingarorlofs á tilteknum tíma skal beitt viðurlögum af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Leikmaður hefur rétt á að snúa aftur að loknu fæðingarorlofi til að sinna íþróttalegum skyldum sínum gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (valinn af leikmanni og félagi) um að það sé leikmanninum óhætt. Leikmaður á rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda eftir að hún snýr aftur að loknu fæðingarorlofi.


Loks er í 7. mgr. 19. greinar fjallað um skyldu félaga til að veita leikmanni tækifæri og svigrúm til brjóstgjafar/næringar ungbarns á meðan leikmaður sinnir íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Samningsfélag skal veita leikmanni viðeigandi aðstöðu til brjóstgjafar í samræmi við gildandi landslög eða ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ og Laga- og leikreglnanefnd KSÍ leggja til að framangreindar reglur verði færðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Framangreind ákvæði hafa verið unnin að höfðu samráði við Íslenskan toppfótbolta (ÍTF) og Leikmannasamtök Íslands.

Ákvæði um samningsbrot, riftun samninga og viðurlög hafa verið aðlöguð íslenskum aðstæðum eins og kostur er, en ákvæði FIFA um fæðingarorlof kvenkyns leikmanna eru skyldubundin ákvæði sem taka til leikmanna á leikmannssamningum (professional players).

Mikilvægt er að félög sem hafa innan vébanda sinna leikmenn sem reglurnar taka til kynni sér efni þeirra og bregðist við með nauðsynlegum hætti gagnvart samningum sem gerðir verða við leikmenn. Ekki er síður mikilvægt að Leikmannasamtök Íslands kynni efnið leikmönnum sem falla munu undir ákvæðin.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.